

REGLUGERÐ

um viðbótartryggingar varðandi salmonellu vegna sendinga af nauta- og svínakjöti.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að koma á viðbótartryggingum (samkvæmt 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 sem innleidd er með reglugerð nr. 104/2010) vegna salmonellu í sendingum til Íslands af nauta- og svínakjöti.

2. gr.

Sýnatökur af kjöti sem um getur í 1. gr. og örverufræðilegar prófanir á þeim sýnum skulu gerðar í samræmi við 1., 2. og 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1688/2005.

Sendingum af kjöti sem um getur í 1. gr., skulu fylgja viðskiptaskjöl sem eru í samræmi við þá fyrirmynd sem sett er fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1688/2005.

3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirmisjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og með vísan til breytinga á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu og (EB) nr. 1668/2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar sérstakar ábyrgðir varðandi salmonellu vegna sendinga af tilteknum tegundum kjöts og eggja til Finnlands og Svíþjóðar, sem teknar voru upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 247/2019, 25. október 2019.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. nóvember 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.